

Fundur- Foreldrafélag Tjarnarskógar 9.febrúar 2017

Mættar: Katla, Lís, Birna, Bylgja og Sigga Dís.

- Jólavertíð foreldrafélagsins: Félagið fékk að vanda jólasveina á jólaböll leikskólans, komu frá Hetti. Þeir gáfu öllum börnum leikskólans bækur sem við keyptum frá Óðinsauga, 4 gerðir, og leikskólakennarar fengu konfekt. Nettó styrkti okkur með jólapappír, límböndum og þrem Machintosh dölum. Foreldrafélagið greiddi líka rútu fyrir leikskólabörnin þegar jólatré var sótt í Eyjólfsstaði í Desember.
- Sumargleði: Síðasta sumar sá starfsmannafélag Hótel Héraðs um allar veitingar á sumargleði leikskólans og í staðinn áttum við að nota peninginn í góð málefni. Við hjá foreldrafélaginu vildum að sjálfsgöðu að leikskólinn fengi eitthvað sem vantaði og núna í vetur var keypt ýmislegt fyrir þennan pening (sjá nánar frétt á heimasíðu leikskólans).
- Gjafir: Foreldrafélagið kaupir reglulega gjafir fyrir leikskólann, í samráði við skólustjóra/kennara um hvað vantar. Nú fyrir jólin var rætt um kaup á bókum og verða þær keyptar handa leikskólanum. Ákveðið að setja Ingu Rós í málið.
- Hrósvika: Nú stendur yfir hin árlega hrósvika sem foreldraráðið stendur fyrir ásamt okkur. Í kvöld munum við hengja upp miðana til kennaranna á kaffistofunum og næstkomandi mánudag munu kennararnir fá ávaxtahaðborð með smá súkkulaði í boði okkar.
- Fræðsla: Rætt um fræðslu fyrir foreldra núna með vorinu. Þælingar um hvað við ættum að vera með, hvort það sé kominn tími á eitthvað svipað og við höfum verið með áður. Sigga Dís ætlar að hugsa hvort það sé eitthvað sérstakt sem kennurum finnst foreldrar þurfa fræðslu á. Höfum bæði verið með fólk héðan og að sunnan, alltaf mjög flottir fyrirlestrar en mæting misgóð. Kostaður að sjálfsgöðu meiri við að fá einhvern aðkomumann. Hugmyndir komu upp um:
 - Ebbu, eitthvað varðandi mataræði.
 - Guðrúnu Schmidt, varðandi sjálfbærni (hún verður með fræðslu fyrir starfsmenn leikskólans á næstunni).
 - Spilavinir, voru með námskeið fyrir nokkra árganga í grunnskólanum og tókst mjög vel, væri gaman að fá umfjöllun um alls kyns spil fyrir krakka á leikskólaaldri.
 - Skjánotkun, fá einhvern til að vera með fræðslu varðandi skjánotkun krakka, á alltaf erindi við okkur og kominn tími á slíka fræðslu aftur. Ath með seglana sem Akureyrarbær var að dreifa um miðviðunartíma fyrir skjánotkun barna.
 - Orri Smáráson sálfræðingur, rætt um að hafa samband við hann enda með þekkingu á ýmsum sviðum og athuga hvort hann vilji tala um eitthvað sérstakt. Bylgja sett í málið.
- Dans: Foreldrafélagið hefur síðustu ár greitt fyrir danskennslu fyrir elstu 2 árgangana í leikskólanum í eina viku, sem endar svo með sýningu. Logi danskennari hefur alltaf séð um það. Spurning um að athuga líka með Alyona sem er danskennari og búsett hér. Lís sér um að ræða við hana.
- Önnur mál: Rætt um nýja leikskólaappið, við í stjórninni ánægðar með það, Sigga Dís einnig mjög ánægð, einfaldar henni margt. Sigga Dís talar um ánægju með starfsfólk leikskólans, vel mannað og gott andrúmsloft. Rútuferðir ræddar, Sigga Dís hefur verið í sambandi bæði við lögreglu og þá foreldra sem hafa verið ósáttir við rútuferðir vegna öryggisbelta.